Fyrstu bókasöfnin

2100 f.Kr.

Flutningur þekkingar á milli fólks og kynslóða er eitt af því dýrmætasta sem við eigum. Þróunin í að binda fróðleik höfst með myndletri sem málað var á stein eða rist í leirtöflur. Síðan tók papýrus við, sem notaður var til að skrifa á, sem þróaðist yfir í skinn, pappír og nú síðast tölvur.

Gilgameskviða er söguljóð frá Mesópótamíu og eitt elsta ritaða bókmenntaverk sem þekkt er. Heillegasta eintakið er varðveitt á tólf leirtöflum í Royal Library of Ashurbanipal í Iraq.

Alexander hinn mikli lagði undir sig mikið land í valdatíð sinni, með útþenslu konungdæmis Alexanders breiddist grísk menning út víða um Asíu, langt út fyrir Litlu-Asíu og alla leið austur til Indlands og um Norður-Afríku út frá Egyptalandi.

Grikkir voru mikil menningarþjóð. Grikkir skrifuðu allt milli himins og jarðar og voru fyrstir til þess að varðveita handrit sín á söfnum. Handritin kölluðu þeir biblíon og geymslustaðina theke. Það er komið orðið bibliotek sem þýðir bókasafn í mjög mörgum tungumálum í dag.

Á miðöldum fór bókagerð fram í klaustrum og þar voru flest bókasöfnin til húsa.

Grísk orðið biblos þýðir bók.

U.þ.b. 600 f.Kr.
Peisistratos lætur reisa fyrsta opinbera bókasafn Grikkja.

U.þ.b.500 e.Kr. hefjast miðaldir.

Papýrus eru þunn blöð, lík pappýr, unnin úr stönglum papýrusreyrs. Forn-Egyptar notuðu hann sem aðal ritmiðil sinn. Hér er mynd af guðinum Osiris sem geymd er í Egyptian Museum í Cairo, Egyptalandi.

Bókasafnið í Alexandríu í Egyptalandi, stofnað snemma á 3. öld f.Kr, er talið hafa verið stærsta bókasafn heims og fræg rannsóknarstofnun, miðstöð visinda og fræða, á svokölluðu hellenísku menningarskeiði. Þar var að finna yfir 700 þúsund handrit, bókrollur á papýrusi og skinni sem kallað var pergament.



Í gegnum tíðina hafa ýmsar tegundir stafrófa verið í notkun. Stafróf var ekki fundið upp í einu lagi, heldur þróaðist það á mörgum öldum úr eldri gerðum skrifta. Það letur sem notað er nú í hinum vestræna heimi, rómverskt letur, fullmótuðu Rómverjar og notuðu það til að skrifa lög, sagnfræði og allt annað sem þeir þurfu að skrásetja.

Bókasöfn á Íslandi

Söguöld, u.þ.b. 870–1050.

Milli 700–800 e.Kr. er talið að Papar hafi numið land á Íslandi.

Ingólfur Arnarson nemur land um 870 e.Kr.

U.þ.b. 1500 e.Kr., miðöldum lýkur.

U.þ.b. 1500–1700, endurreisnin.

Siðaskiptin á Íslandi urðu um miðja 16. öld.

Landsbókasafn stofnað 1818 í Reykjavík og í kjölfarið amtsöfnin.

Fyrsta lestrarfélagið í Keflavík stofnað 9. febrúar 1890.

Fyrsta lestrarfélagið á Íslandi var stofnað árið 1790, lestrarfélög voru upphaflega frjáls samtök einstaklinga sem skutu saman fé til kaupa á bókum eða öðru lesefni til fróðleiks og skemmtunar. Í mörgum sveitum landsins voru lestrarfélögin igildi skóla. Almenningur hafði yfirleitt ekki tækifæri á skólagöngu og þá komu bækur lestrarfélaganna að góðum notum.

Fyrstu gleraugun eru talin hafa verið gerð á norður Ítalíu, líklegast í Pisa um 1290.

Fyrsta lestrarfélagið, Hið íslenska bókasafns- og lestrarfélag Suðurlands, var stofnað árið 1790 og var Magnús Stephensen dómstjóri aðalhvatamaður þess.

Bókhlaðan í Flatey á Breiðafirði var byggð 1864 fyrir tilstilli Brynjólfs Benediktssonar og er elsta og minnsta almenningsbókasafn á Íslandi. Það var jafnframt fyrsta húsið sem var byggt sérstaklega undir bókasafn.

Magnús Már Lárusson háskólarektor tekur við Flateyjarbók úr höndum Gylfa Þ. Gíslasonar menntamálaráðherra þann 21. apríl 1971.

Fyrsta símaskráin var gefin út árið 1905.

Ársit 1939 tók fyrsta héraðsbókasafnið til starfa, **Héraðsbókasafn Suðurlands á Selfossi.**

Heimildir eru um að bækur hafi verið til á Íslandi alveg frá landnámi.

Fyrstu íslensku bókasöfnin urðu til í klaustrum og á biskupsstólum á Hólum í Hjaltadal og í Skálholti Jón biskup Arason var fyrstur manna til þess að kaupa prentsmiðju til landsins og fyrsta bókin sem prentuð var Breviarium Holense.

Titilblað Nýja testamentis Odds, prentað í Hróarskeldu 1540 og er það elsta varðveitta, prentaða verkið á íslensku.

Svonefnt bókahjól var fundið upp seint á 16. öld. Það gerði mönnum kleift að hafa margar bækur í takinu í einu. Myndin er frá 1719.



Landsbókasafn var stofnað árið 1818 í Reykjavík, safnið var fyrst um sinn kallað Stiftsbiblioteket og hýst á lofti Dómkirkjunnar. Þangað var fyrst ráðinn maður til þess að raða upp bókum, Jón Árnason þjóðsagnasafnari, og er hann því fyrsti Íslendingurinn til þess að hafa bókavörslu að aðalstarfi.



Réttur 1920, tekið upp úr greininni *Skipulag íslenskra bókasafna.*

Lög um almenningsbókasöfn voru samþykkt árið 1955. Sveitarfélögum var þá skylt að reka bókasöfn og öllum bókasöfnum tryggt ákveðið fjármagn frá ríki. Hlutverki gömlu lestrarfélaganna var því lokið og flestum þeirra var breytt í bókasafn, en sum þeirra störfuðu þó áfram um skeið.

Hinn 18. maí 1955 tóku gildi lög um almenningsbókasöfn.

BÓKVER
Íslenskt bókasafnskerfi sem var upphaflega hannað fyrir Bókasafn Kópavogs. Helsti galli kerfisins var að það var ekki með MARC-sniði og því ekki tengjanlegt við aðra gagnagrunna.

1993 Hafnargata 57

7. mars 1958
Myllubakkaskóli

1974 Mánagata 7

2016 Ófriðu stúlkunni skilað eftir rúm 70 ár í útláni.

1943
Ófriða stúlkan fengin að láni.

1973 Félag bókasafns- og upplýsingafræðinga stofnað.

2008
Sjálfsafgreiðsluvél tekin í notkun.

2013 Tjarnargata 12

Fyrsta lestrarfélagið í Keflavík var stofnað 9. febrúar 1890 af templarastúkunni Von, undir forystu Þórðar Thoroddsen, héraðslæknis. Síðan tók Lestrarfélag Keflavíkur við og starfaði fram undir 1930. Árið 1932 var félagsskapurinn svo endurvakinn af Ungmennafélagi Keflavíkur og voru tveir ólaunaðir bókaverðir, þeir Ólafur Ingvarsson og Eyjólfur Guðjónsson.

GEGNIR
Kerfið var formlega tekið í notkun, og vefurinn www.gegnir.is opnaður, þann 19. maí 2003. Gegnir er sameiginlegt bókasafnskerfi fyrir allt landið með það að markmiði að auka hagræðingu í rekstri bókasafna, auka gæði og áreiðanleika gagna.

Bókasafnið okkar